

útflytjenda, sem standa utan Samlags skreiðarframleiðenda, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu þannig að frá þeim komi tillögur um fleiri en einn mann, skal ráðherra hafa frjálst val um skipun þessa fulltrúa úr þeim hópi.

Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunar-sjóð fiskiðnaðarins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegssráðuneytið, 6. apríl 1976.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 107.

31. mars 1976.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 362/1975, skal heimilt að greiða af því sem umfram er einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vör-um verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0,375 l.	0,75 l.
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr. 400.00	kr. 800.00
2. Íslenskar áfengistegundir	— 1300.00	— 2200.00
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a. ..	— 1900.00	— 3300.00
B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	kr. 2000 pr. tylft eða lb.	
2. Vindlingar	— 1550 pr. karton	
3. Smávindlar	— 180 pr. 10 stk.	
Meðalstærð	— 500 pr. 25 stk.	
Vindlar aðrir	— 900 pr. 25 stk.	

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5 mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um toll-heimtu og tollaftirlit til að öðlast þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 286/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. mars 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Þjörn Hafsteinsson.